

Lista

Posturinn



Góðir búningar Elínar Eddu Árnadóttur bæta leikmyndina upp og eru í raun leikmynd sýningarinnar.

12 safarík kirsuber

FRÚ EMILÍA - LEIKHÚS
KIRSUBERJAGARÐURINN
EFTIR ANTON TSJEKHOV

Hin ofurnæma en jafnframt skýra persónusköpun **Tsjekhofs** heldur verkum hans á sviði um ævi og aldur. Honum tekst að lyfta fólki sínu uppúr hversdagsleikanum um leið og hann heldur öllum hversdags-einkennum þess. Í þessu síðasta, og kannski besta, verki hans birtast okkur tólf ólíkar persónur sem maður kannast allar við úr samtímanum. Það er ekki að sjá að níutíu ár séu liðin frá því þær stígu fyrst á fjallir.

Það er alltaf gaman að sjá Tsjekhóv, en sjaldan hefur það verið skemmtilegra en nú, í þessari uppfærslu Emilíufrúarinnar á Kirsuberjagarðinum. Þetta er afar vel heppnuð sýning.

Leikstjórinn, **Guðjón Pedersen**, lætur verkið njóta sín og þrýstir ekki inn í það landskunnum vörumerkjum sínum: Amerískum dægurlögum og mikrófónum. Karaoke-stemningin er hér góðu heilli fjarri. Guðjón setur Tsjekhóv upp eins og beinast liggur við, á klassískan og kómískan hátt. Tónlistarviðbót er vel við hæfi og sannarlega „Skárri en ekkert“.

Engu að síður er uppfærslan öll „á langveginn“ eins og oft áður hjá þeim félögum í Frú Emilíu. **Gretar Reynisson** gerir leikmynd og hún er kannski það eina sem ég er ekki sáttur við. Hún er hvorki mínimal né náttúral, einhvers konar málamiðlun skreytt smámunum úr dótakassa. Góðir búningar **Elínar Eddu Árnadóttur** bæta hana upp og ERU í raun leikmynd sýningarinnar.

Leikaraval hefur heppnast vel og stjórnrur sýningarinnar eru jafn margar persónur. Það er ekki lítil ánáegja áhorfanda að sjá hverja stórstjörnu íslensks leikhúss birtast fram á steingólfid í Héðinshúsinu; gamlir þjóðleikhúsmenn virðast ganga í endurnýjun lífdaga í nýju, fersku og sjálfstæðu leikhúsi.

Kristbjörg Kjeld er stórfengleg í „aðalhlutverkinu“, aðalskona á heljarþróum með vonbrigði lífs síns innifalinn í hverri gleðiroku. **Árni Tryggvason** hefur sjaldan verið betri og stulur jafnvel senunni þegar hann dottar. **Eggert Þorleifsson**

eignar sér salinn með því einu að láta braka í skónum. **Ingvar E. Sigurðsson** er sannfærandi sem nýríkur „uppi“ af bændaættum. **Próstur Guðbjartsson** dásamlegur draumhugi...

Það er í raun óþarfi að halda áfram en samt...

Helga Braga Jónsdóttir er nú komin með einkarétt á hlutverkum rússneskra þjónustustúlkna. **Edda Heiðrún Backman** kemur enn á óvart og sýnir vel sína miklu breidd. Styrkur sýningarinnar magnast upp fyrir manni í augnaráði hennar þar sem hún stendur í bakgrunni fjölmenntrar senu og mænir á sinn Lopakin. Hér eru margar sögur í gangi í einu. Hver persóna er heilt leikrit útaf fyrir sig og hin fræga nýjung Tsjekhofs til leikbókmenntanna, „utansviðsaksjónin“, kemst hér mjög vel til skila og fer jafnvel inná sviðið. Hver leikari er að allan tímann, þó hann sé utan dialógs.

Kjartan Bjargmundsson er óborganlegur, **Jóna Guðrún Jónsdóttir** perfekt, **Valgeir Skagfjörð** flottur, **Steinn Ármann Magnússon** góður, þó nördalúkkid sé kannski fullnotað.

Þá er snjöll hugmynd leikstjórans að láta **Hörpu Árnadóttur** leika ýkt og gera úr henni týpu; andstæðu við hinar og „opnari“ persónurnar. Hún gerir það frábærlega vel og frumlega.

■ **Kirsuberjagarðurinn: Frábær leikur, góð lýsing, falleg tónlist, djúsi búningar og snjöll uppsetning: Stórskemmtileg sýning sem missir eina stjörnu vegna leikmynda.**

Gíó er góður ef hann heldur stælunum í lágmarki og leyfir leikurunum að blómstra.

Hallgrímur Helgason

Mjög sannur vestri

FRJÁLSI LEIKHÓPURINN, TJARNARBÍÓ
SANNUR VESTRI EFTIR SAM SHEPARD

Um leið og ljósinn kvikna er maður kominn til Ameríku, staddur í millistettareldhúsi í Kaliforníu og engisprettuhljóðin í bakgrunni kalla svita fram á ennið.

„Sannur vestri“ er frábært verk eftir **Sam Shepard** og tíu ára gamalt þegar orðið klassískt. Uppgjör ólíkra bræðra: Annar er streit og háskólagentinn á uppleið í kvik-

GYLFI GRÖNDAL hefur undanfarin ár unnið við að setja saman nokkuð viðhafnarlegar ævisögur íslenskra forseta. Fyrst skræði hann sögu KRISTJANS ELDJÁRNS, þvínaest lífs-hlaup ÁSGEIRS ÁSGEIRSSONAR og nú kemur út eftir Gylfa ævisaga SVEINS BJÖRNSSONAR forseta, ríkisstjóra, sendiherra, lögmans og forystumanns um stofnun Eimskipafélagsins. Bókin er öll hin kurteislegasta



eins og Gylfa er von og vísa, enda skrifar hann í eftirmála: „Nú á dögunum þykja gagnrýnar ævisögur svokallaðar gírnilegastar, jafnvel í augum virtra fræðimanna. Svo ákóf og einsýn er sú krafa tímans, að með öllu gleymist hve gagnrýni er hægt að láta í ljós með margvislegum hætti. Hún felst ekki eingöngu í stóryrðum, afhjúpun og offorsi, eins og margir vilja halda“...

Allt bendir til þess að samkeppnin á jólabókamarkaðnum verði grímmuðleg, því þrátt fyrir mikið kvart og kveinan undan virðisaukaskatti virðist útgáfa ætla að vera með liflegra móti fyrir jólin. Sérstaklega eru íslenskir skáldsagnahöfundar iðnir við kolann og í raun einfaldara að nefna þá sem gefa ekki út bækur en þá sem verða með í kapphlaupinu um hylli bókakaup-

Handan góðs og ills, eitt höfuðrita Nietzsche, er að koma út í þýðingu **Arthúrs Björgvins Bollasonar** og **Prastar Ásmundssonar**. Nietzsche dúkkar reglulega upp og hefur líklega aldrei verið heitari en einmitt núna.

Þar sem ástríðurnar ólmast í hamslausum tryllingi

Nietzsche er líklega umdeildasti heimspekingur allra tíma, ýmist hataður eða dádur. Hann tók einhver hæstu próf sem nokkur maður hefur tekið, var menntaður í fornfræðum en fátt var honum óviðkomandi, sjálfur vildi hann titla sig sem sálfræðing eða sálkönnuð. Aðeins 24 ára gamall er hann sökum einstakra gáfna gerður að prófessor við háskólann í Basel í Sviss. „Hann var náttúrlega séni“, segir Arthúr Björgvin, en það hefur tekið langan tíma að koma þýðingunni í útgáfu. Síðasta töfin kom til vegna ritteppu hjá Arthúri sem skrifar ítarlegan inngang að verkinu. „Síðan skrifaði ég í hamslausum tryllingi, á sjö dögum og sjö nóttum, 60 síðna inngang úti í Þýskalandi, heimalandi Nietzsche, núna í vor og þá fóru hjólin að rúlla.“

Handan góðs og ills kom út árið 1886 og er bókin sem Nietzsche skrifaði næst á eftir Also sprach Zarathustra. Hún er ein af hans voldugustu bókum og allsherjar inngangur að hans fræðum.

En hvað er það sem gerir Nietzsche að þessu „fenómeni“?

„Hann er einn af þessum heimspökum og gagnrýndum sem talar tæpitungulaust og fékk náttúrlega bágt fyrir. Hann er róttækur í bestu merkingu þess orðs, er ekkert að gutla í yfirbörðinu heldur þegar hann gagnrýnir leitast hann við að komast að rótunum.“

myndabransanum en hinn sukkandi lúser á endalausri niðurleið í brennsanum. Hin ólíku viðhorf þeirra takast á og tvinnast blóðböndum, spennan eykst um leið og hlutverk þeirra riðlast...

Uppsetning Frjálsa leikhópsins í Tjarnarbíó er beinskýtt og kraftmikil. Leikstjórinn, **Halldór E. Laxness**, gengur hreint til verks, beint að efni og leikverkið fær að njóta sín til fulls. Halldór hefur og þýtt verkið í samvinnu við bróður sinn, **Einar E. Laxness**, á sama hátt. Textinn hljómar hæfilega hrár og eðlilegur. Leikstjórinn hefur einnig gert leikmynd sem er afar sannfærandi, ásamt bakgrunnshljóðum **Steingrims Árnasonar** og lýsingu **Sveins Benediktssonar**. Halldór þekkir greinilega vel þennan ameríska veruleika og það sést.

Sýningin gengur fullkomlega upp. Er þétt, hróð, með áherslum úr öllum tónskalanum; á háum og lágu nótum, frá trúnaðarstigi til átaka sem eru óhuggulega sannfærandi.

Val á leikurum er eins og hugsað úr höfði höfundarins. Það er ekki hægt að ímynda sér betri bræður en þá **Valdimar Örn Flygenring** og

Súsanna Svavars síns tíma? (Nei, ég segi nú bara svona.)

„Hann á það sameiginlegt með Súsönnu að hann skrifar af mikilli ástríðu en er kannski vitsmunalegri. Það er með Nietzsche að hann er einn af fáum höfundum þar sem

heimspekin taki á lífinu sjálfu. Nietzsche vill upphæfa skilningarvitin, ástríður og tilfinningar. Þó mótadist hann sjálfur lítt af þeim hlutum í sínu einkalífi. Hann var varla við kvenmann kenndur alla sína tíð. Hann gerði eina heiðarlega til-

Nietzsche heggur í allar áttir, þolir ekki fræðimenn sem þora engu og leggja ekki í neitt. Í þessu ljóðbroti, sem er í Handan góðs og ills, má finna andúð hans á Wagner, gagnrýni á allt sem þýskt er og árás á trúarlega hræsní.

- Á þetta að heita þýskt?
Er þýska hjartað þrugað af sliku gargi,
hið þýska hold svo tætt af eigin vargi?
Þýskar hinar klökku guðsmannsgeiflur,
guðrækni hjúpaðar lostans sveiflur?
Er þýskt að hika og hökta og falla,
hlusta í angst á klukkur gjalla?
Þessi Ave-söngur, nunna sem girug gónir,
glýjukennt tудиð um það sem á himnum trónir
— á þetta að heita þýskt?

stíll og innihald bræðist saman. Hann sagði einu sinni að það væri ekki nóg að skilja það sem er skrifað, menn verði að skynja textann líka. Menn verða að finna þann eld sem býr undir, ef ekki þá eru þeir ómögulegir lesendur. Þetta atriði gerir hann alltaf mjög heillandi fyrir nýjar og nýjar kynslóðir.

Svo er það náttúrlega það sem hann tekur fyrir. Hann steypir hverju göðinu af stalli á fætur öðru. Hann ræðst á alla heimspekihefðina, gagnrýnir hugspekina og vill að

raun til að krækja sér í konu en sú tilraun brást mjög illilega. Það er kapituli sem er frægur í hans ævi, samskipti hans við **Lou Salomé**. Hún var samkvæmisdama sem var talsvert utan í menningarvitum þess tíma. Var um tíma ástkona **Rilkes**, þýska skáldsins, og endaði sem vinkona **Freuds**, en það samband var líklega mest á andlegu nótunum. Hún hitti Nietzsche mjög ung og hann hélt að hún væri skotin í sér. Það var á misskilningi byggt hjá honum, hann var mjög

Í heild er því um að ræða frábæra leiksýningu og góða skemmtun sem Frjálsi leikhópurinn býður upp á í Tjarnarbíó. Og þrátt fyrir mikið framboð á fólk ekki að láta framhjá sér fara bestu sýninguna í bænum.

■ **Engispretturarnar suða í Tjarnarbíó. Skiljið veturinn og mokaþakkann eftir í anddyrinu. Heit sýning.**

Hallgrímur Helgason

Rækt

ÁSGERÐUR BÚADÓTTIR,
LISTASAFN ÍSLANDS,
OKT. -? '94.

Stofnun eins og Listasafni Íslands er ekki ætlað að hafa neina stefnu varðandi sýningar fram yfir það að sýna þá eða þann sem „sem komið er að“ samkvæmt almannarómi og dómi hæfustu manna eða stemmningunni í listaheiminum hverju sinni. Eitt af gullnum boðorðum safnsins er að „vernda hefðina“ sem kemur svo aftur þannig út í sýningarstefnu safnsins að sýna/vernda einungis það sem ekki þarf lengur neinnar verndar við; — enda orðið

hluti af hefðinni þegar almannarómur og stemmningin í listaheiminum segir einum rómi „nú hlýtur að vera komið að því“. Að stjórna Listasafni Íslands samkvæmt þessari starfsreglu gengur því fyrst og fremst út á það að sýna virðulega þolinmæði og sjá hvort hlutirnir renni nú ekki sitt skeið eftir teinum hefðarinnar þar sem stjórn safnsins bíður á brautarstöðinni með „gjörð svo vel að ganga í bæinn“ á vörum. En tímaleysið og biðlundin getur líka leitt til þess að fólkid í stofnuninni sofni á verðinum; þannig virðist hafa gleymst að ljúka þeirri ágætu sýningu „Í deiglunni“, sem byrjaði í vor á Listahátíð og stendur enn að hluta til á neðri hæð safnsins. Af þessu virðist þá vera dreginn sá lærdómur að öruggast sé, eins og nú, að geta geta ekkert um það, hvorki á boðskorti né sýningarskrá, hvenær sýningu **Ásgerðar Búadóttur** ljúki. En svo er þar til að taka að vel fer um teppi Ásgerðar í austurstofunni á efri hæð Listasafns Íslands. Hvert og eitt verk fær að njóta sín en mynda þau þó öll samstæða og smekklega heild.

Helsta einkenni 20. aldarinnar má lýsa með einu orði: abstraksjón.




enda. Meðal þeirra sem sitja hjá að þessu sinni eru STEINUNN SIGURÐAR-DÓTTIR, EINAR MÁR GUÐMUNDSSON,



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON og ÞÓRARINN ELDJÁRN. Hinir eru flestir með...

Leikritið Sannur vestri eftir Sam Shepard er nú sýnt í Tjarnarbíói í leikstjórn Halldórs Laxness. Þrátt fyrir ágæta gagnrýni hefur verkið fengið frekar lélega aðsókn, raunar svo litla að leikararnir hafa varla talið taka því að leika. Þannig var í síðustu viku felld niður sýning á leikritinu vegna þess að einungis tuttugu og sex áhorfendur höfðu keypt sig inn, en leikararnir töldu sér ekki sambodid að leika fyrir færri en þrjátíu gesti...



an sögumanni og höfundu?

„Jú, það er regla fremur en hitt að menn séu ekki að rugla saman fræðum og einkalífi. En Nietzsche er kannski eini heimspekingurinn þar sem erfitt er að skilja á milli. Hann er mjög persónulegur fræðimaður og hann skýtur signt og heilagt inn persónulegum athugasemdum. Þess vegna er ómögulegt að fjalla um hann öðruvísi en á persónulegum nótum. Hins vegar getur maður leiðst út á stórhættulegar brautir með því að rugla saman ævi og verkum höfunda á borð við Hume eða Rousseau, sem voru vafasamir karakterar þó þeir skrifuðu snjöll verk. Svo ekki sé talað um Kant sem átti ekkert einkalíf.“

Nietzsche er ekki mjög uppnuminn af eigin þjóð?

„Nei, honum finnst Englendingar sérlega leiðinlegir en þó ekki eins leiðinlegir og Þjóðverjar. Honum finnst þeir þunglamalegir og sjálfur sagði hann að þegar allir verða búnir að gleyma hinni þýsku tungu þá muna menn eftir Heine og mér.“

Var þetta einhver montrass?

„Ja, hann vissi af sér og lífði samkvæmt því mottói að það hrósuðu honum mjög fáir í lifanda lífi þannig að hann yrði að gera það sjálfur. Fyrstur háskólamanna til að hrósa honum var Georg Brandes. Síðasta árið sem Nietzsche var með réttu ráði, veturinn 1888-9, flutti Brandes fyrirlestur um hinn þýska filósóf Nietzsche, sem frétti af því, varð uppnuminn og fékk mikið dælti á Kaupmannahöfn. Hann fór allt í einu að tala um hina fersku vinda sem blása frá Norðrinu.“

Þú segir að hann hafi klikkað?

„Já, frá 1889 er hann algjörlega út úr heiminum. Þá rétt áður var hann farinn að senda ýmsum sérkennileg póstkort og bréf þar sem hann skrifar undir „Díónísus“ eða „Hinn krossfesti“ í staðinn fyrir nafnið sitt. Auðvitað hefur þetta verið notað gegn honum - - heitruðaðir halda því fram að hann hafi alltaf verið klikkaður.“

Nú hafa menn viljað spyrða hann við nasismann?

„Ég er ekki sammála þeim skilningi. Systir hans, Elisabeth Förster Nietzsche, sem var þjóðernissinni og gift kolbrjáluðum gyðingahata, tók við öllu verki Nietzsche eftir að hann bilaðist og gaf út þetta stóra verk: „Drottunarviljann“. Það verður til þess að menn fara að líta á Nietzsche sem einhvern post-

ula nasisma því þar koma til dæmis fram dularfullar athugasemdir um gyðinga. Svo liður og bíður og um miðja þessa öld fór náungi sem heitir Karl Schlehta að grúska í gögnum Nietzsche í Weimarskjalsafni og komst að því að kerlingin hafði falsað bókina allhressilega.


geta að Nietzsche gefur reyndar færi á sér — hann er víða mótsagnakenndur og auðvelt að taka texta eftir hann úr samhengi og spenna fyrir hina og þessa vagna.“

Nú hefur Nietzsche ekki einungis á sér það vafasama orð að vera kvenhatari, heldur einnig annálaður guð-

siðferði steypi öllu í sama mótið en öll meðalmennska var eitruð í hans beinum.“

Hvað er það í kenningum hans sem þú getur skrifað undir?

„Hann er svo óhræddur og margt í gagnrýni hans á vesturlenska menningu er rétt. Til dæmis



Arthur Björgvin er búinn að vera með Nietzsche á heilanum í 20 ár.

Schlehta gaf út endurskoðaða útgáfu á verkum Nietzsche og það olli straumhvörfum í Nietzsche-rannsóknunum og breytti afstöðu manna. Og á 8. og 9. áratugnum gáfu tveir Ítalir, Colli og Montinari, út gagnrýna heildarútgáfu. Það er gríðarlegt verk og þeir fóru í gegnum öll frumgögn og komast að sömu niðurstöðu: Að þarna eru mjög svæsnar falsanir á ferðinni. Systirinn stóð til dæmis fyrir því að Hitler kom í heimsókn í Weimar og lét mynda sig við hliðina á stytta af Nietzsche sem frægt er. En þess má

lastari? „Gott ist Tot“ og allt það?

„Jú, en það er einkum í síðfræðinni sem hann rekur hornin í kristnina. Nietzsche heldur því fram að kristin síðfræði bæli menn og sé í raun síðferði þrælanna. Hann setur á oddinn að maðurinn risi upp og láti ástríðurnar ólmast. Þetta er einn undirtóninn í gagnrýni hans á kristindóminn. Í tengslum við þetta eru árásr hans á ríkjandi síðferði sem hann rekur meira og minna til kristinnar. Nietzsche segir að menn eigi að vera þeir sjálfir og láta ekkert bæla sig: Kristið


þessi flatneskja sem hann talar um og að vitundarlíf fletjist út sem mér finnst vera að sanna sig. Hann gagnrýndi mjög harkalega þessa dægurmálaárættu og hann færi yfir um ef hann heyrði útvarp í dag — hefði líklega bilast fyrir en ella ef hann hefði verið samtímamaður okkar. Annað sem hann þóldi ekki var tvískinnungur og hræsnir. Og má nefna í tengslum við ákveðið mál, háttsetta embættismenn sem segja eitt opinberlega og annað í laumi og eru eins og tveir menn. Svona menn voru fyrir Nietzsche

Og máttur óhlutbundinnar hugsunar hefur líka reynst vera slíkur jafnt í vísindum sem listum að ekki er að furða að um yfirnáttúruleg öfl gæti sýnst að ræða. Til að ljá sköpunarstarfi sínu vísindalegt yfirbragð, hefur myndlistarmönnum stundum orðið tíðrætt um form- og lítafræði, þótt ástundun þessara „-fræða“ sé í rauninni ekkert annað en það að gerast sem innlifaðastur í heim forma og líta að því marki að í reynd sé það næmni og tilfinning sem ræður ferðinni en ekki vísindaleg rannsókn í viðteknum skilningi. Kjarninn í form- og lítafræði er í reynd sá að þau fræði eru í rauninni ekki til fram yfir það að þeir sem stöðugt meðhöndla form og líti rækta smám saman með sér æ markvissari tilfinningu fyrir þessum þáttum. Fræði listarinnar er þess vegna tilfinning, innlifun, innsýn og glöggskyggni.

Þeir sem áður kunna að hafa verið haldnir fordómum gagnvart abstrakt myndlist er ráðlagt að fara á sýningu Ásgerðar Búadóttur og sökkva sér ofan í bestu verk hennar; því í þeim er einmitt að finna einstök dæmi um að saman fari þaulræktuð tilfinning fyrir formi og lit-

um sett fram með hnökralausri tækni. Einn kostur yfirlitssýninga er sá að þá gefst færi á að endurmeta fyrri skoðanir og draga nýjar ályktanir; þannig fannst mér ég uppgötva á þessari sýningu að bestu verk Ásgerðar eru meðal þess allra besta sem gert hefur verið innan íslenskrar abstrakt myndlistar og myndu þau söma sér vel við hlið verka meistara þessara hefðar á borð við Karl Kvaran og Harðar Ágústssonar.

Einkum eru það stóru verkin sem eru sérlega eftirtektarverð, sennilega af því að í þeim virðist áferð og hrynjandi vefsins njóta sín best. Minni verkin eru aftur á móti mun stíðari, þar sem grunnformin, einkum þríhyrningar og ferningar oft dregin fram með hrosshárlubba lenda í hálfgerði spennitreyju. Verkið — Kyrrð — gæti verið dæmigert fyrir verk í stærri kantinum. Svartur og brúnn bakgrunnur, hvítur og svartur hrynjandi brotin upp með hóflegu flata-spili, í efri hlutanum svartur og loðinn þríhyrningur með augljósa fjallstílvísun, til vinstri örfinar, láréttar, bláar línur eins og sjóndeildarhringur. Verkið „Norðrið“ þar sem hvítur þríhyrningur er umlukinn blárrí og



„Yfir sýningunni hvílir klassísk og falleg ró, sem ætti að vera til þess fallin að færa listamönnum jafnt sem listunnendum endurnýjaða trú á það frjómagn og þann innileika sem vel ræktuð abstraktsjón getur búið yfir.“

hvítu flata- og línuhrynjandi er ekki síðra né verkin „Afjörðu“ og „Vegurinn langi“. Og lengi þyrfti að leita áður en jafn fallett blátt litaspil og í „Náttkembu“ fyndist. Það er athyglisvert að mörg þessi verk eru svo að segja ný; kannki er það einmitt það sem verið er að benda á á einni af fremstu síðunum í virðulegri sýningarskránni þar sem ljósmynd af Ásgerði 74 ára er sögð tekin 1944, að hún hafi sífellt verið að yngjast síðustu 50 árin í listsköpun sinni.

Yfir sýningunni hvílir klassísk og falleg ró, sem ætti að vera til þess fallin að færa listamönnum jafnt sem listunnendum endurnýjaða trú á það frjómagn og þann innileika sem vel ræktuð abstraktsjón getur búið yfir. — En þetta er ekki sýning sem líkleg er til að að hrista verulega upp í fólkinu, en hver var líka að búast við því á þessum stað?

■ Heilsteypasta og þokkafyllsta sýning á klassískri abstraktlist sem hér hefur sést í langan tíma. Ræktun tilfinninga fyrir formi, litum og handverki eins og best verður gert af núlfandi myndlistarmönnum hérlandis.

Hannes Lárusson

algjörlega óalandi og óferjandi og ekki húsum hæfir. Þetta gagnrýnir hann mjög skemmtilega með nóturlugu háði. Þessum þáttum er ég sammála og þarna sér hann fram í tímann.

Þá tek ég fullkomlega undir nauðsyn þess að gefa ástríðufullum tilfinningum lausan taum. Það höfðar talsvert til minnar kynslóðar en ég er svona síðborinn '68-maður. Á áttunda áratugnum var þetta frjálslyndi í hávegum haft og það frelsi heillar mig. Ég skrifa hiklaust undir árásr hans á hvers kyns bælingu. Nietzsche kemur alltaf upp aftur og aftur. Hann er höfundur sem kemur fram á krepputímum, hann er að gera úttekt á tímabili þar sem var ákveðin hugmyndakreppa ríkjandi. Kristindómurinn er að missa tókin sem allsherjar trúmanna á Vesturlöndum og veldi kirkjunnar farið að riðlast verulega. Þá tekur hann þessi síðaboð og verðmætamat til endurskoðunar. Og það er það sem gerist að eftir síðasta upphlaupið á Vesturlöndum, sem er '68 hreyfingin, þar sem menn voru með einhvers konar hugsjónir og börðust fyrir þeim. Síðan hefur lítið gerst og menn eru í kreppu núna. Hann taldi úrkynjun einkennandi fyrir samtíð sína og núna á seinni árum hafa menn verið að finna fyrir því. Það er ákveðin ringulreið í hugmyndalífínu og þá verður Nietzsche alltaf voðalega aktúel.“

En tekurðu undir skot hans á kvenþjóðina?

„Það er allt í lagi ef það er útlagt sem stríðni. En hafi hann verið að meina þetta í fúlstu alvöru þá get ég nú ekki fylgt honum eftir. Ég hef ekki minna álit á greind kvenna en karla. Nietzsche er reyndar mjög stríðinn og það er ákaflega skemmtilegur þáttur hjá honum. Það er ekki mjög algengt meðal heimspekinga og það sem hann gerði fyrir heimspekinema, þegar maður hafði legið í kyrkingslegum texta eftir Kant og Hegel, í endalausri hugarleikfimi, þá var eins og að fara í kalda hressandi sturtu að lesa Nietzsche því hann hakkar þessa höfuðspekinga í sig — reyndar með mismerkilegum rökum. Ég kann mjög vel að meta kaldhæðnina hjá honum. En það verður að leggja á það áherslu að Nietzsche er ákaflega margræður höfundur og við lögðum verkið fyrir ýmsa ágæta menn og þeir lásu allan fjandann úr textanum.“ JBG

★★★★★ FRÁBÆRT
★★★★★ ÁGÆTT
★★★★★ GOTT
★★★★★ LALA
★★★★★ SLÆMT
★★★★★ VONT
★★★★★ HÆTTULEGT

MAUS:
ALLAR KENNINGAR HEIMSINS
OG ÖGN MEIRA
★★★★★

„Maus sýna það og sanna að Íslendingar geta rokkað í þrusu og það án þess að herma eftir Pearl Jam. Ein af bestu plötum ársins.“



BUBBI: 3 HEIMAR
★★★★★

„Bubbi Morthens sýnir enn einu sinni fram á að áhættur eru til þess að taka þær. MC Bubbi tekur DJ Bobo í nefði hvenær dags sem er.“

DOS PILAS: MY OWN WINGS
★★★★★

„Dos pilas er amerísk roksveit sem fæddist fyrir tilviljun á Íslandi. Tilgangur hennar hér er hættulega óljós. Í réttu umhverfi gæti pían þó allt eins blómstrað og jafnvel hitt í mark.“

FRÚ EMILÍA - LEIKHÚS
KIRSUBERJAGARÐURINN EFTIR ANTON
TSJEKHOV
★★★★★

„Snjöll uppsetning, frábær leikur, góð lýsing, falleg tónlist, djúsi búningar: Stórkemmtileg sýning sem missir eina stjörnu vegna leikmyndar.“



FRÍÐLEIFUR LEIKÞÓPURINN, TJARNARBÍÓ
SANNUR VESTRI EFTIR SAM SHEPARD
★★★★★

„Þrátt fyrir mikið framboð á fólk ekki að láta framhjá sér fara bestu sýninguna í bænum.“

ÁSGERÐUR BÚADÓTTIR, LISTASAFN
ÍSLANDS, OKT. -? '94.
★★★★★

„Heilsteypasta og þokkafyllsta sýning á klassískri abstraktlist sem hér hefur sést í langan tíma. Ræktun tilfinninga fyrir formi, litum og handverki eins og best verður gert af núlfandi myndlistarmönnum hérlandis.“

TÖLVU- OG RAFTÓNLIST
SOLON ÍSLANDS
★★★★★

„Um helgina var brotið blað í íslenskri tónlistarsögu. Þá var haldin fyrsta sjálfstæða tölvu- og raftónlistarhátíðin hérlandis. Opnunartónleikarnir voru vægast sagt óvanalegir.“